

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 24 ? 19.11. 2003

Miðvikudaginn 19. nóvember, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1630 í Áhaldahúsinu.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason, Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Hitaveitumál á Steinsstöðum.
2. Hitaveita fyrir Akrahrepp. Kostnaðar og arðsemisútreikningar.
3. Ný lög um breytingar á lögum um styrki til nýrra hitaveitna í dreifbýli og stækkanir gamalla.
4. Bréf frá Rækjuvinnslunni Dögun.
5. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagafirði.
6. Hitaveitumál Sólgarðaskóla og nágrennis.
7. Önnur mál.

### AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda Sighvats setti fund og gekk til dagskrár.

1. Friðrik Rúnar Friðriksson mætti á fundinn vegna hitaveitumál á Steinsstöðum sjá samþykkt frá síðasta stjórnarfund. Friðrik Rúnar gerði grein fyrir hitaveitumálum í sumarhúsalandi sínu sunnan merkjagirðingar sveitarfélagsins og Laugahvamms. Friðriki Rúnari þykir erfitt að keppa við þau heimæðargjöld sem Skv innheimtir af sumarbústaðaeigendum og fer þess á leit við Skv að fyrirtækið yfirtaki og tengist dreifikerfi þessu gegn sanngjörnu gjaldi og sjái síðan um rekstur þess.

7 ? 10 bústaðir eru, eða verða, tengdir þessum legg.

Stjórnin tekur jákvætt í málið og felur veitustjóra að vinna áfram að því.

Friðrik Rúnar hverfur af fundi.

2. Veitustjóri lagði fyrir kostnaðaráætlanir um hitaveitu í Akrahrepp sem Verkfræðistofan Stoð hefur gert og arðsemisútreikninga sem gerðir eru af KPMG endurskoðun um sama efni. Ákveðið að fá KPMG til að gera greinarbetri töflur af niðurstöðunum og leggja mat á eignamyndun Akrahrepps í Skv ef kostnaður við framkvæmdirnar yrði metin inn í fyrirtækið sem hlutafé. Veitustjóra falið að óska eftir fundi með byggðaráði um málið.

3. Veitustjóri gerði grein fyrir nýju frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur á hitunarkostnaði. Í lögnum er kafli um styrki til nýrra hitaveitna í dreifbýli og stækkanir gamalla. Þessi kafli breytist þannig að í stað styrks sem nemur 5 ára niðurgreiðslum af hitunarkostnaði verði hann 8 ár. Stjórnin telur að styrkurinn þurfi að vera 10 ára niðurgreiðsla það minnsta. Veitustjóra falið að vinna áfram í málinu í þessa veru.

4. Tvö bréf hafa borist frá rækjuverksmiðjunni Dögun ehf það fyrra dagsett 5/11 2003, beiðni um verðlækkun á köldu vatni og hið síðara dagsett 17/11 2003, varðandi stækkun á rækjuvinnslunni og aukna kaldavatnsnotkun.

Varðandi bréf dagsett 5/11 2003 þar sem farið er fram á lækkun á vatnsgjaldi, sér stjórnin sér ekki fært að verða við erindinu.

Veitustjóra falið að svara bréfi dagsettu 17/11 2003 varðandi stækkun á rækjuverksmiðjunni og aukna notkun á köldu og heitu vatni og skýra út það ástand sem í vatnsmálum er hér á Sauðárkróki og hvaða úrbætur koma til greina.

5. Bréf hefur borist frá Sveitarfélaginu Skagafirði sviðstjóra fjármálasviðs dagsett 17/11 2003, varðandi gamla skuld Leikfélags Skagafjarðar á heitu vatni vegna Félagsheimilisins Bifrastar.

Veitustjóra falið að fara yfir málið með sviðstjóra fjármálasviðs Sveitarfélagsins.

6. Hitaveitumál Sólgarðaskóla og nágrennis.

Veitustjóra falið að skoða málið.

7. Önnur mál.

Farið yfir afmælishófið sem haldið var 8. nóvember sl.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 20.05